

# Verklagsreglur við úthlutun fjárframlaga til viðhalds eða lagningu nýrra útivistarstíga í Ásahreppi

## Reglur varðandi fjárframlög til gerðar útivistarstíga:

Framlög til nýlagningar og viðhalds útivistarstíga eru ávallt háð þeim fjárveitingum sem til staðar er í fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins á hverju ári. Fjárhæð fjárframlags miðast við lögheimili umsækjenda og verða þeir að hafa lögheimili í sveitarfélaginu. Fleiri en eitt lögheimili geta sameinast um eina umsókn um ákveðinn kafla stígs.

Ekki er hægt að sækja um styrk nema einu sinni á ári. **Umsóknir þurfa að berast fyrir 10. apríl ár hvert, en ef umsókn berst eftir 10. apríl þá flyst umsóknin til næsta árs.** Hægt er að nálgast þessar reglur og umsóknareyðublað á heimasíðu Ásahrepps.

Þeir aðilar sem sækja um í fyrsta sinn hafa forgang að úthlutun. Ræður fjölda veittra vilyrða um fjárframlag röðun um úthlutun á hverjum tíma.

### Flokkur 1:

**Nýr útivistarstígur eða það gamall og uppgróinn að ekki er um viðhald að ræða.**

Hámarks fjárhæð er 1.500.000 kr miðað við 3 m breiðan útivistarstíg þar sem enginn stígur er eða það gamall að ekki sé hægt að flokka verkið sem viðhaldsverkefni. Krafa er gerð um að viðkomandi stígur sé opinn almenningi.

Umsóknum verður forgangsraðað eftir því sem þær berast. Reiknað er með því að umsækjendur hafi samráð við verkefnastjóra um útvegum og keyrslu á efni á staðinn en muni dreifa efninu sjálfir, t.d. með sturtuvagni í stæði stígs. Útivistarstígur liggi með tengi- eða héraðsvegi. Þeir aðilar sem hugsa sér framkvæmdir á útivistarstígum sækja um skriflega til hreppsnefndar sem afgreiðir umsóknirnar formlega á næsta reglubundna fundi.

### Flokkur 2:

**Viðhald núverandi útivistarstíga.**

Til viðhalds á núverandi útivistarstígum sem opnir eru almenningi er ákveðið að veita fjárframlagi að hámarki 750.000 kr miðað við 3 m breiðan stíg.

Umsóknum verður forgangsraðað eftir því sem þær berast. Reiknað er með því að umsækjendur hafi samráð við verkefnastjóra um útvegum og keyrslu á efni á staðinn en muni dreifa efninu sjálfur, t.d. með sturtuvagni í stæði stígs. Útivistarstígur liggi með tengi- eða héraðsvegi. Þeir aðilar sem hugsa sér framkvæmdir á útivistarstígum sækja um skriflega til hreppsnefndar sem afgreiðir umsóknirnar formlega á næsta reglubundna fundi.

### **Flokkur 3: Lagning útivistarstíga til tenginga við stofnstíga sem sveitarfélagið hyggst leggja um sveitarfélagið.**

Ákveðið að veita fjárframlagi að hámarki 1.500.000 kr miðað við 3 m breiðan útivistarstíg þar sem verið er að leggja stíg sem tengir viðkomandi jörð við stofnstíga sveitarfélagsins. Krafa er gerð um að viðkomandi stígur sé opinn almenningi.

Umsóknum verður forgangsraðað eftir því sem þær berast. Reiknað er með því að umsækjendur hafi samráð við verkefnastjóra um útvegum og keyrslu á efni á staðinn en muni dreifa efninu sjálfur, t.d. með sturtuvagni í stæði stígs. Þeir aðilar sem hugsa sér framkvæmdir á útivistarstígum sækja um skriflega til hreppsnefndar sem afgreiðir umsóknirnar formlega á næsta reglubundna fundi.

Umsóknir um lagningu þessara stíga munu njóta forgangs til jafns við þá sem sækja um styrk í fyrsta sinn. Þessi forgangur helst þar til að tenging hefur orðið við stofnstíga sveitarfélagsins.

Fylla þar út umsóknareyðublað þar sem fram kemur áætlaður verktími, lýsing á staðsetningu stígsins og efni sem nota á til verksins. Aðili á vegum sveitarfélagsins hefur umsjón með myndatöku af verksvæði fyrir og eftir lagningu stígsins. Fjárframlag er greitt gegn framvísun reikninga sem stílaður er á Ásahrepp. Reikningur skal vera að hámarki sem nemur vilýrði fyrir fjárframlagi og að lokinni úttekt af umsjónaraðila. Hægt er að sækja um frestun á verklokum ef málefnalegar ástæður liggja fyrir.

***Fjárframlag Ásahrepps nær yfir jarðefni, ræsi og aðkeyptan flutning á efni að verkstað. Fjárframlag nær ekki yfir vinnu við lagningu stígs, girðingarefni eða vinnu við girðingar. Ásahreppur útvegar hliðgrindur sem setja skal upp á landamörkum þegar um verkefni í flokki 3 er að ræða.***